

**Ed.**

**132. Frumvarp til laga**

[103. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Einar Ágústsson.

**1. gr.**

Við 5. gr. laganna bætist:

Heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða lægra álag á meðalíbúð til eigin afnota. Meðalíbúð skal það íbúðarhúsnæði teljast, sem ekki fer yfir 80 þús. kr. að fasteignamati.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Fasteignaskattar eru einn af þeim tekjustofnum, sem sveitarfélög hafa lengi notað til öflunar nauðsynlegra tekna umfram það, sem fært er talið að innheimta hverju sinni með útsvörum. Í lögum nr. 51/1964 er ákveðið, að fasteignaskattur skuli vera 1% af fasteignamatsverði húsa og annarra mannvirkja, en skv. 5. gr. laganna er sveitarstjórn heimilað, að fengnu samþykki ráðherra, að innheimta fasteignaskatt með allt að 200% álagi. Nokkur sveitarfélög hafa þegar notað þessa heimild og önnur ráðgera nú hækkun fasteignagjalda í hámark það, sem lög leyfa, þar sem útlit er fyrir, að útsvarstekjur sveitarfélaga reynist ekki nægar til að standa undir hraðhækkandi rekstrarútgjöldum, nema þá að gjaldþoli greiðenda verði ofboðið. Það er skoðun flutningsmanns, að ekki sé óeðlilegt, þegar svona stendur á, að fasteignir séu skattlagðar svo sem lög leyfa, en með hliðsjón af þeim erfiðleikum, sem því eru samfara hjá mjög mörgum húseigendum að standa straum af hinum mikla og sívaxandi kostnaði, beri að undanþiggja fyllsta álagi íbúðir af meðalstærð, sem notaðar eru til eigin þarfa. Flutningsmanni finnst ósanngjarnt að leggja slíkt nauðpurftarhúsnæði til jafns við ýmsar aðrar fasteignir, sem allt öðruvísi hagar til um.

Því er í frv. lagt til, að farin verði sú leið, að heimilt sé að takmarka álagið skv. 5. gr. laganna við 100%, þegar um er að tefla íbúðarhúsnæði af meðalstærð, sem eigandi þess býr í sjálfur ásamt fjölskyldu sinni.

Það er kunnugt, að a. m. k. sumar sveitarstjórnir hafa talið sér óheimilt að framkvæma álagningu fasteignaskatts eftir þeim leiðum, sem þetta frumvarp fjallar um, vegna tæmandi upptalningar laganna á þeim fasteignum, sem heimilt er að undanþiggja skatti. Þetta frv. er borið fram til að bæta úr þessu.

Meðalverð íbúða er að vísu ákaflega óráðið hugtak, og verður engin tilraun gerð til þess hér að ákveða það á algeran hátt, en vegna framkvæmdar þessa ákvæðis, ef að lögum yrði, er nauðsynlegt að miða undanþáguna við eitthvert hámark. Hér er lagt til, að það hámark miðist við íbúðir, sem ekki eru meira en 80 þús. kr. að fasteignamatsverði, en ljóst er, að slíkt hlýtur að vera matsatriði.